

Febrúar 2014

## Drög að tilhögun leikjanámskeiða 2014 hjá ÍTH

Í öllum frístundaheimilum ÍTH sem staðsett eru í öllum grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar verður leikjanámskeið í boði fyrir börn fædd 2005-2007 (7-9 ára). Þessi námskeið hefjast 10. júní eða um leið og skólastarfi lýkur. Þátttökugjaldi er stillt í hóf og kostar vikan (1/2 dagur) 4.000 kr. Veittur er systkinaafsláttur samkvæmt gjaldskrá. Hægt er að vera allan daginn en þá verður að greiða tvöfalt gjald. Minnst er hægt að greiða fyrir viku í senn.

Frá 7. júlí til og með 25. júlí og 6. ágúst til og með 21. ágúst fækkar námskeiðunum og verða miðlæg námskeið fyrir sama aldurshóp á vegum ÍTH, á 3 stöðum 7. – 11. júlí og á 2 stöðum frá 14. júlí. Leikjanámskeiðin verða í Víðistaðaskóla, Hraunvallaskóla og Lækjarskóla.

Frá 7. ágúst til 21. ágúst býður ÍTH upp á fjölbreytt og uppbyggileg námskeið fyrir börn fædd 2008 sem eru að hefja skólagöngu.

Upplýsingagjöf og samráð verður milli ÍTH og íþrótt- og tómstundafélaga í bænum sem standa að námskeiðum fyrir börn í sumar. Allar upplýsingar og leiðbeiningar varðandi skráningu námskeiða ÍTH og íþrótt- og leikjanámskeiða verður á sumarsefni ÍTH:

<http://www.tomstund.is/sumarvefur/>

Hætt verður frá og með 2014 að reka sérstakt blandað námskeið bæði ætlað börnum með sérþarfir og öðrum börnum. Þetta námskeið var heilsdags og var staðsett í íþróttahúsi Setbergsskóla. Nú býðst öllum börnum á þessu aldursbili að sækja leikjanámskeiði í sínu skólahverfi og í gegnum umsóknarferlið skrá foreldrar barna með sérþarfir börnin sín. Hvert og eitt námskeið mun síðan hafa stuðningsfulltrúa sem fylgja börnum með sérþarfir. Verði börn með sérþarfi mörg á hverju námskeiði fjölga stuðningsfulltrúum.

Stuðningsfulltrúar leikjanámskeiða mun fá sérstök námskeið sér til stuðnings þar sem fjallað er um börn með sérþarfir og stuðning við þau. Skrifstofa tómstundamála mun fylgja þeim og viðfangsefnum þeirra sérstaklega vel eftir þetta fyrsta ár.

Geir Bjarnason

Leikjanámskeið 1.-3. bekkur	2.-6. júní	10.-13. júní	16.-20. júní	23.-27. júní	30.-4. júlí	7.-11. júlí	14.-18. júlí	21.-25. júlí	28.-1. ágúst	5.-8. ágúst	11.-15. ágúst	18.-21. ágúst
	Undirb.	Vika 1	Vika 2	Vika 3	Vika 4	Vika 5	Vika 6	Vika 7	Vika 8	Vika 9	Vika 10	Vika 11
	8	32	32	40	40	40	40	40	40	24-32	40	32
Álfahraun										6 ára	6 ára	6 ára
Holtasel										6 ára	6 ára	6 ára
Hraunkot						miðlægt				6 ára	6 ára	6 ára
Hraunsel - útihús						miðlægt	miðlægt	miðlægt		miðlægt	miðlægt	miðlægt
Hraunsel - 6 ára										6 ára	6 ára	6 ára
Krakkaberg										6 ára	6 ára	6 ára
Lækjarsel - íþróttahús						miðlægt	miðlægt	miðlægt		miðlægt	miðlægt	miðlægt
Lækjarsel - 6 ára										6 ára	6 ára	6 ára
Selið										6 ára	6 ára	6 ára
Tröllaheimar										6 ára	6 ára	6 ára